

„Þekking er ein megindrífjörðin í þróun atvinnulífs og þjóðlífs. Hver rannsóknin á færur annarri hefur sýnt fram á lykilkátt menntunar í efnahagsframförum. Háttíðaræður ráðamanna eru fullar af væntingum til menntamána og þeirrar þekkingar sem miklu fé hefur verið kostað til að efla með þeim. En gera þessar fallegu árangur ekki dálítið væruker og ánægð um of með þann árangur sem við teljum okkur sjá? Erum við í raun að skapa öll þau verðmæti sem við getum á grundvelli þekkingarinnar sem kostað hefur svo mikið að afla? Enginn vafi er á að það menntakerfi sem við búum við gerir gróðarlegt gagn sé rekstur þess borinn saman við algeran skort slíks kerfis. Það sannar á hinn bóginn alls ekki að unnt sé að ná miklu meiri árangri, að hver króna sem til þess er varið, geti skilað meiri arði og að fólkið sem út úr því kemur sé framtakssamara og því færara en nú er um að breyta þekkingu sinni í verðmæti.“

Þessum spurningum varpar Jón Erlendsson, forstöðumaður Upplýsingaþjónustu Háskóla Íslands, meðal annars fram í upphafi viðtals. Hann heldur því einnig fram að menntakerfi flestra landa hafi enn sem komið er ekki tekið þeim stakkaskiptum sem stórbættur aðgangur að upplýsingum hefur skapað forsendur fyrir og þörf er á. Þar að auki nái sú áhersla á framleiðni og árangur sem náðst hefur í iðnaði á þessari öld vart til skólakerfisins. Lausnir nútíma skólakerfisins, á nauðsynlegri símenntun einkennist um of af ríkjandi aðferðum og skipulagi sem skili ekki nægilegum árangri miðað við það fjármagn sem varið til þessarar starfsemi. Til viðbótar því vanti mikið upp á að menntamenn þjóðarinnar og skólafólk hafi það framtak til að bera að breyta þekkingu sinni í verðmæti.

### Löng skólavist slævir frumkvæði og framtak – stefnulaus maður er auðveld bráð

– Hver eru þau einkenni núverandi ástands sem styðja þessar fullyrðingar?

„Löng skólavist gerir marga nemendur framtakslausa og slappa. Mikil þekking þeirra nýtist því oft illa. Sá sem ekki hefur frumkvæði, seiglu og dug til að

koma vitneskju sinni á framfæri á árangursríkan hátt situr oft uppi með ríklá þekkingu sem engum kemur að gagni. Verulegur hluti hennar geti rétt eins verið ólærður. Astæðan fyrir þessu er einföld. Skólinn skólar framtak og frumkvæði úr einstaklingum með ofmótun og óhöflegri forsjá. Sá sem hefur hlýtt nákvæmum fyrirmælum lærifæðra í ef til vill hart nærar tvo áratugi hefur ekki náð að þroska með sér eigið frumkvæði.

Á þetta hefur ofstaf lítið sem ekkert reynt.“ Jón leggur áherslu á að framtakssamir menn verði til þrátt fyrir kerfið en ekki vegna þess eins og verið er tekið og bendir á að þeir séu alltof fáir. Hann segir að skólinn vanræki fræðslu um fjölda lykilsviða sem hafi afgerandi áhrif á líf fólks. „Eitt þessara sviða er stefnumótun. Það fyrirtæki sem ekki mótar sér skýra stefnu á grundvelli lánlegrar þekkingar á styrk sínum, veikleikum, tækifærum umhverfisins og líklegri framtíð er oft eins og hvert annað rekald sem rekur undan vindi á áfangastað. Það sama gildir einnig um hvern einasta mann. Stefnulaus maður er fyrirhyggjulaus verður auðveld bráð ómerkilegrar og óarðbærrar rútinu sem hann sér aldrei út úr sakir þess að hann hefur ekki minnstu tilbúðni til eigin stefnumótunar. Astæða þess er einföld. Allur almenningur fær

ekki minnstu tilsógn, kynningu eða lágmarkshvatningu til persónulegrar stefnumótunar. Það verður að teljast alvarleg gloppa í námi fólks þegar öll kynning og hvatning er í lágmarki.

### Óratíma tekur að flytja þekkingu frá „framleiðanda“ til notanda – margir langskólanemar eru eins og þorskar á þurru landi

– Er skólakerfið ósvifseint að bregðast við nýjungum?

Jón segir að það geti lítið ár ef ekki áratugi frá því að ný þekking sé orðin aðgengileg þar til að hún kemst til skila til þeirra sem geta notfærst sér hana. Astæðurnar fyrir því séu fyrst og fremst mannlegar, skipulagslegar og menningarlegar. Tæknin sé í þessu tilfelli ekki lengur vandamál en það taki hins vegar óratíma fyrir skólakerfið að bregðast við nýjum þekkingarsviðum og nýrri þekkingu á videigandi hátt.

„Margir langskólanemar eru því eins og þorskar á þurru landi þegar þeir fá verkefni sem leysa þarf með upplýsingum sem ekki er að finna í skólabókum þeirra. Einn þann dag í dag eru til menn sem eru að „finna upp hjólið“ að öþörfu við hverskyns rannsókn- og þróunarstörf. Þegar háum fjárhæðum er ráðstafað til slíkra starfa er sjaldnast fulltryggt að ekki sé verið að endurtaka verk annarra að öþörfu.“ Jón bendir á að lítil áhersla sé lögð á framleiðni í samfélaginu. Hann bendir á að rekstur menntakerfa sé ein umfangsmesta og kostnaðarsamasta starfsemi sem manngýnið hafi tekið sér fyrir hendur. Þrátt fyrir það sé þessi starfsemi enn sem komið sé lítt snortin af sókn, eftir framleiðni. Innan menntakerfisins töðkast víða vinnubrögð sem myndu ekki eiga sér langt líf á frjálsum markaði eða í raunverulegri samkeppni við betri vinnubrögð. „Fjöldi fólks beitir sjálfmenntun með góðum árangri. Þessi leið er langóðrást menntakosturinn sem völ er á. Samt er ekkert sérstakt gert til að styðja og ýta undir viðleitni af þessu tagi. Þess í stað er hladið undir dýrari kosti. Efnaldasta og ódýrasta leiðin til að mennta fólk er að greiða því aðgang að ítarlegum upplýsingum um efnis sem það vill kynna sér og gefa því kost á að nema upp á eigin spýtur. Við vitum að hér á landi hefur fjöldi alþýðufólks aflað sér þekkingar með þessum hætti á árangursríkan hátt. Þann árangur mætti stóráuka og gera hann mikil markvissari með ódýrri upplýsingaþjónustu, vissri lágmarkskynningu og hvatningu.

**Frumkvæði einstaklingsins er að skynja og skapa ný tækifæri – ekki taka við því sem aðrir hafa byggt upp og halda því áfram**

– Á hvern hátt má bæta úr þessu – er unnt að kenna framtakssemi

í skólum?

„Virkt framtak krefst mikillar þekkingar, hæfileika, reynslu auk seiglu, lífsorku og úthalds. Þessir eiginleikar einkenna flesta þá menn er náð hafa langt í atvinnulífi, félagsmálum og öðrum þjóðmálum. Frumkvæði felst að öllum jafnaði í því að skynja ný tækifæri og afla alls þess sem þarf til að nýta þau, hrinda þeim í framkvæmd og njóta að lokum afrakstsins. Frumkvæðlar taka ekki við því sem aðrir hafa byggt upp til að reka það áfram. Þess í stað byggja þeir upp frá grunni eða gera verulegar breytingar á því sem fyrir er. Þegar vel tekst til ná þeir af þessum sökum stórkvæðum árangri. Störf af þessu tagi krefjast miklu meira af þeim sem þau vinna en taka við einhverju sem aðrir hafa byggt upp.“ Jón segir að margir telji að framtak sé meðfæddur eiginleiki og því ókleift að hafa áhrif á fjölda þeirra framtakssömu. Það sé hins vegar alls ekki rétt. „Margir þeir sem eiga lífsorku með sér kunna ekki að fóta sig og berjast því um í árangursleysi árum saman. Eitt af því sem marga skortir er hæfileikinn til þess að sannfæra aðra, að koma hugmyndum sínum á framfæri. Yfirleitt er það ekki kennt í skólum og því engin furða þótt fáir kunni til verka að þessu leyti.“

menn verði oft að heyrja illa baráttu til að fá staðnað eða jafn vel andsnúið umhverfi til þess taka mark á því sem þeir hafa þjóða. Það sama gildi einnig þá sem þróa nýjar hugmyndir sem ekki kunni og geti barist fyrir nýjungum á árangursríkan hátt geti alls ekki breytt þekkingu sinni, hversu verðmet sem hún getur verið, í raunveruleg verðmæti. Því sé fjárumleg verðmæti er til menntunar íðulega kaupa að á glæ. „Skóðun mín er sú að ekki eigi að binda framtak kennslu við þá eina sem vil stofna fyrirtæki. Taka verður þessu mikilvæga máli á mikilviðtækari grundvelli. Hafi menntaður markmið að tryggja hagnýtingu allrar þeirrar þekkingar sem skólakerfið miðar að með gróðulegum tilkostnaði þá virðist eðlilegt að kenna öllu skólafólki framtakssemi og það sem þarf til að breyta þekkingu í verðmæti. Á þann hátt má tryggja að væntingar ráðamanna um árangur á fjárfestingum í menntun verði ekki aðeins hefðbundinn texti í hátíðaræðum heldur beinhardur raunveruleiki sem skilar sér í stórkvæðum efnahagslegum ávinningi.“ Jón bendir á að um all Evrópu sé nú unnið af krafti að því að efla staðbundið atvinnulíf. Vegna þess að rannsóknir hafa sýnt fram á að ein besta leiðin til

### Samvinna um glósur myndi spara stórfé

Endalausar handskriftir á námsefni í kennslustundum. Útkoman eru glöppött og villuskotin handrit sem eru hæpin námsgögn og hent við fyrsta tækifæri. Kostnaður við þessa öþörfu og óvönduðu vinnu er í Háskóla Íslands einum saman um 400 til 1000 milljónir króna á ári. Í öllum íslenska framhaldsskólum er þessi tala fimmföld. Hver yrði þessi kostnaður á heimsgrundvelli? Vinnubrögð af þessu tagi töðkast um allan heim þó í mismiklum mæli.

Jón segir öruggt að fjöldi þeirra sem ná árangri í því að vinna hugmyndum sínum fylgi myndi vaxa verulega ef þeir fengu skipulega fræðslu um þetta efni. Það sama eigi við um alla aðra þætti sem tilheyri virku framtaki því mikið af þeim sé þess eðlis að nokkur tilsógn geti gert gæfumanninn og skilið á milli algers árangurs og algers árangursleysis.

### Virkt framtak mikilvægt fyrir þá sem aflað hafa þekkingar og vilja hagnýta sér hana – slíkir menn verða oft að heyrja illvíga baráttu

– Á þá að binda framtaksfræðslu fyrst og fremst við þá sem vilja stofna fyrirtæki?

Jón svarar þessu alfarið neitandi og segir að virkt framtak sé einkum mikilvægt fyrir þá sem aflað hafa sér nýrrar þekkingar og vilji hagnýta hana. Slíkir

þróunar atvinnulífs sé að efla staðbundið framtak um leið og stóruávinning sé aðgangur manna að þekkingu og upplýsingum.

### Efnahagslegar framfarir byggja á þekkingu, framtaki og greiðum aðgangi að upplýsingum

– Hverjir eru þá helstu galla skólakerfisins?

„Skólakerfið er sú „þekkingarvél“ sem samfélagið reidir sig á til þess að sinna þekkingarþörfum sínum. Augljóst er því að þetta kerfi þarf að vera í góðu lagi eða auka á hagvöxt. Heimurinn einkennist af sívaxandi samkeppni og hraða. Þau fyrirtæki og einstaklingar sem ekki fylgjast með aukna þekkingu sína, samkeppnis hæfni og vitneskju um umhverfi sitt dragast fljótt afturúr. Stað þeirra veikist stundum svo mikið að gjaldþrot er nesta skerfið. Jón segir að íslenska þjóðin hafi verið aðferðir og kerfi til þess að

Jón Erlendsson, forstöðumaður Upplýsingaþjónustu Háskóla Íslands:

# Verðum að leggja áherslu á mannlegu auðlindina í atvinnulífinu

